

REGLUR

um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Hugvísindastofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir heimspekideild og er vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs á fræðasviðum deildarinnar.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Hugvísindastofnunar er:

- a. að vera samstarfsvettvangur rannsóknastofnana heimspekideildar (sjá 4. gr.), annast sameiginlegt skrifstofuhald þeirra og þjónustu við þær,
- b. að standa fyrir þverfaglegum rannsóknaverkefnum, oft tímabundnum, sem vinna má að í sérstökum rannsóknastofum sem heyra undir stofnunina (sjá 4. gr.),
- c. að hafa umsjón með framhaldsnámi í deildinni í samvinnu við deildarskrifstofu og skorarformenn.
- d. að veita nemum í rannsóknánámi aðstöðu og búnað til rannsókna,
- e. að veita stúdentum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að stunda rannsóknir,
- f. að skapa rannsóknaraðstöðu fyrir gistiprófessora, sérfræðinga og unga vísindamenn eftir því sem unnt er.
- g. að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum, málstofum og hvers kyns annarri starfsemi á fræðasviði deildarinnar,
- h. að sinna þjónustuverkefnum á fræðasviði deildarinnar,
- i. að veita aðstoð og þjónustu við bókaútgáfu, t.d. í samvinnu við Háskólaútgáfuna.

Öllum þessum verkefnum skal stofnunin sinna í samvinnu við hlutaðeigandi rannsóknastofnanir og stofur, eftir því sem við á.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir þeim kennurum deildar sem þess óska svo og öðru starfslíði skv. 9. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er. Slík þjónusta er háð samþykki stjórnar hverju sinni. Stofnunin skal leitast við að uppfylla þær kröfur um gæði og afköst sem heimspekideild setur henni.

4. gr.

Skipulag stofnunarinnar.

Innan Hugvísindastofnunar starfa:

1. Bókmenntafræðistofnun.
2. Heimspekistofnun.
3. Málvísindastofnun.
4. Sagnfræðistofnun.
5. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Þessar stofnanir eru faglega sjálfstæðar og starfa samkvæmt reglum sem stjórn Hugvísindastofnunar samþykkir.

Til viðbótar þessum stofnunum getur stjórn Hugvísindastofnunar ákveðið að koma á fót rannsóknastofum til að sinna þverfaglegum rannsóknaverkefnum, samkvæmt starfsreglum sem stjórnin setur þeim. Með sama hætti getur stjórnin ákveðið að leggja niður rannsóknastofu, t.d. þegar því rannsóknaverkefni er lokið sem stofnunni var ætlað að sinna eða ef fé fæst ekki lengur til starfsemi hennar. Slíkar ákvarðanir eru háðar staðfestingu deildarráðs. Ef deildarráð staðfestir ekki ákvarðanir stjórnar um að stofna eða leggja niður stofu, skal málinu vísað til deildarfundar.

Forstöðumaður rannsóknastofu skal vera úr hópi fastra kennara eða stundakennara á ótímabundnum samningi við Háskóla Íslands.

Hugvísindastofnun rekur sameiginlega skrifstofu fyrir rannsóknastofnanir og rannsóknastofur innan heimspekideildar. Skrifstofunni er stjórnað af forstöðumanni.

5. gr.

Aðild.

Aðild að Hugvísindastofnun, og einhverri þeirra stofnana sem um getur í 4. gr., eiga: Próffessorar, dósentar, lektorar (þ.m.t. erlendir sendikennarar) við heimspekideild sem og stundakennarar á föstum samningi við deildina, ásamt forstöðumanni og skrifstofufólki. Einnig aðrir sem stjórn veitir starfsaðstöðu, svo sem gistikennarar, sérfræðingar, nýdóktor og framhaldsnemar.

Allir þeir sem aðild eiga að Hugvísindastofnun taka þátt í hugmyndavinnu um starfsemi og akademíska stefnumörkun með stjórn og forstöðumanni. Þeir sérfræðingar, nýdóktor og doktorsnemar sem fá aðstöðu hjá Hugvísindastofnun til eigin rannsókna teljast styrkþegar stofnunarinnar. Forstöðumaður getur falið styrkþegum stjórnunarstörf á vegum stofnunarinnar. Þeir sitja húsfundi sem forstöðumaður stjórnar. Húsfundur er stjórninni til ráðgjafar í einstökum málum.

Auk þeirra sem greinir í 1. mgr. geta aðrir fræðimenn, innan eða utan Háskólans, tengst einstökum rannsóknastofum stofnunarinnar. Slík tengsl við rannsóknastofu fela ekki í sér sjálfkrafa aðild að Hugvísindastofnun.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn Hugvísindastofnunar er skipuð sjö mönnum eins og hér segir:

- forstöðumönnum þeirra fimm rannsóknastofnana heimspekideildar sem taldar eru upp í 1. mgr. 4. gr., og skulu þeir kosnir á fundi hlutaðeigandi stofnunar.
- einum fulltrúa stúdenta úr hópi nemenda í doktorsnámi í heimspekideild, kosnum á deildarfundum til eins árs,
- formanni sem deildarfundur kys til þriggja ára.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar.

7. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundum bréflaga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti heimspekideildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögu-rétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta heimspekideildar.

Sé ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar situr hann stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

8. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingu þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórn efnir til ársfundar með starfsmönnum og styrkþegum stofnunar. Fundinn skal að jafnaði halda á fyrsta ársfjórðungi, og leggja þar fram ársskýrslu, fjárhagsáætlun ársins og fjárhagsyfirlit síðasta árs. Ársfundur er jafnframt vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi stofnunarinnar og um rannsóknastefnu deildarinnar.

Ársfundinn sitja þeir sem aðild eiga að stofnuninni, sbr. 1. mgr. 5. gr., sem og gestir.

9. gr.

Forstöðumaður og starfslið.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu deildar og á grundvelli umsagnar stjórnar stofnunarinnar, sbr. 6. tölul. 27. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Forstöðumaður skal hafa meistara- eða doktorsgráðu eða annað sambærilegt háskólapróf.

Rektor setur forstöðumanni erindisbréf að tillögu stjórnar stofnunarinnar.

Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

10. gr.

Fjármál o.fl.

Tekjur Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. framlag frá heimspekideild,
- b. styrkir til einstakra verkefna,
- c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- d. tekjur af útgáfustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundum.

Afli starfsmenn rannsóknastyrkja til að vinna að verkefnum á vegum Hugvísindastofnunar eða einhverrar af þeim rannsóknastofnunum sem heyra undir hana, skal gera samning við stjórnanda verkefnisins um hlutdeild Hugvísindastofnunar og hlutaðeigandi rann-

sóknastofnunar í styrknum vegna kostnaðar við stjórnun og þjónustu. Sama gildir um þjónustuverkefni sem eru unnin á vegum Hugvísindastofnunar eða rannsóknastofnana innan hennar.

Hugvísindastofnun, stofum hennar og stofnunum sem innan hennar starfa, er heimilt að taka að sér þjónustuverkefni gegn gjaldi. Þjónustuverkefni skulu að jafnaði tengjast rannsóknnum, kennslu eða endurmenntun við heimspekideild. Þjónustuverkefnum Hugvísindastofnunar geta kennarar og sérfræðingar heimspekideildar sinnt eða starfsmenn sem ráðnir eru sérstaklega til slíkra verkefna. Hugvísindastofnun greiðir í Rannsóknasjóð Háskólans ákveðið hlutfall af öllum tekjum af þjónustuverkefnum samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs. Að öðru leyti fer um þjónusturannsóknir samkvæmt samþykkt stjórnar stofnunarinnar sbr. 3. mgr. 8. gr.

Veiti Hugvísindastofnun þjónustu í frjálsri samkeppni við atvinnustarfsemi annarra aðila skal sú starfsemi stofnunarinnar afmörkuð frá öðrum rekstri. Gæta ber að þeim ákvæðum samkeppnislaga sem banna niðurgreiðslu samkeppnisrekstrar með opinberu fé.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

11. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. sameiginlegra reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 89/1983 um rannsóknastofnanir við heimspekideild Háskóla Íslands og reglugerð nr. 897/1999 um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands er vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir háskólaráð og hefur að markmiði að vera þverfaglegur vettvangur fyrir rannsóknir og miðlun þekkingar á sviði kvenna- og kynjafræða og jafnréttisrannsókna.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Rannsóknastofu í kvennafræðum er:

- a. að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í kvenna- og kynjafræðum og jafnréttisrannsóknir sem unnið er að við Háskólann,